



Moldun

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Foersom - Sveinbjörn Egilsson

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Matthías Jochumsson

Blessun

Eftirspil

Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.
Engið, fjöllin, áin þín,
yndislega sveitin mín,
heilla mig og heim til sín
huga minn úr fjarlægð draga.
Blessuð sértu, sveitin mín,
sumar, vetur, ár og daga.

Yndislega ættarjörð,
ástarkveðju heyr þú mína,
þakkarklökkva kveðjugjörð,
kveð ég líf þitt, móðir jörð.
Móðir bæði mild og hörð,
mig þú tak í arma þína.
Yndislega ættarjörð,
ástarkveðju heyr þú mína.

Faðir lífsins, faðir minn,
fel ég þér minn anda' í hendur.
Foldin geymi fjötur sinn.
Faðir lífsins, Drottinn minn,
hjálp mér í himin þinn
helgur máttur, veikum sendur.
Faðir lífsins, faðir minn,
fel ég þér minn anda' í hendur.

Sigurður Jónsson frá Arnarvatni



Prestur: Sigríður Rún Tryggvadóttir

Organisti: Sándor Kerekes

Kór Egilsstaðakirkju

Einsöngur: Vilhjálmur Ólafsson

Hljómsveit: Magni Ásgeirsson, Jón Arngrímsson, Valgeir Skúlason

Meðhjálpari: Jónas Þór Jóhannsson



Eðvald Jóhannsson

Feddur 25. apríl 1943

Dáinn 24. febrúar 2023

*Útför frá Egilsstaðakirkju,
laugardaginn 4. mars kl. 14:00*

Forspil

Signing og bæn



- 1 *Á* hendur fel þú honum,
sem himna stýrir borg,
það allt, er áttu' í vonum,
og allt, er veldur sorg.
Hann bylgjur getur bundið
og bugað storma her,
hann fótstig getur fundið,
sem fær sé handa þér.
- 2 *Éf* vel þú vilt þér líði,
þín von á Guð sé fest.
Hann styrkir þig í stríði
og stjórnar öllu bezt.
Að sýta sárt og kvíða
á sjálfan þig er hrís.
Nei, þú skalt biðja' og bíða,
þá blessun Guðs er vís.
- 3 *Ó*, þú, minn faðir, þekkir
og það í miskunn sér,
sem hagsæld minni hnekkir,
og hvað mér gagnlegt er,
og ráð þitt hæsta hlýtur
að hafa framgang sinn,
því allt þér einum lýtur
og eflir vilja þinn.
- 4 *Þig* vantar hvergi vegi,
þig vantar aldrei mátt,
þín bjargráð bregðast eigi
til bóta' á einhvern hátt.
Þitt starf ei nemur staðar,
þín stöðvar enginn spor,
af himni' er þú þér hraðar
með hjálp og líkn til vor.

- 5 *Min* sál, því örugg sértu,
og set á Guð þitt traust.
Hann mun þig, vís þess vertu,
og verndar efalaust.
Hann mun þig miskunn krýna.
Þú mæðist litla hríð.
Þér innan skamms mun skína
úr skýjum sólin blíð.

*Gerhardt - Björn Halldórsson
Michael Haydn*

Ritningarlestur

Tónlist

Húsey

Lag: Valgeir Skúlason - Texti: Guðfinna Þorsteinsdóttir (Erla)

Ritningarlestur

Tónlist

Sumarlandið

Lag og texti: Jón Arngrímsson

Guðspjall

Einsöngur

My way

Lag og texti: Frank Sinatra

Minningarorð

Einsöngur

Orðin mín

Lag og texti: Bragi Valdimar Skúlason

Bætur

Tónlist

Það þarf fólk eins og þig

lag: Buck Owens - Texti Rúnar Júlíusson

Faðir vor



Ég kveiki á kertum mínum
við krossins helga tré.
Í öllum sálmum sínum
hinn seki beygir kné.
Ég villtist oft af vegi.
Ég vakti oft og bað.
Nú hallar helgum degi
á Hausaskeljastað.

Í gegnum móðu' og mistur
ég mikil undur sé.
Ég sé þig koma, Kristur,
með krossins þunga tré.
Af enni daggir drjúpa,
og dýrð úr augum skín.
Á klettinn vil ég krjúpa
og kyssa sporin þín.

Ég fell að fótum þínum
og faðma lífsins tré.
Með innri augum mínum
ég undur mikil sé.
Þú stýrir vorsins veldi
og verndar hverja rós.
Frá þínum ástareldi
fá allir heimar ljós.

David Stefánsson - Guðrún Bødvarsdóttir

